

JAFNRÉTTISSTEFNA

Skólinn hefur jafnrétti í heiðri og brýnir fyrir nemendum og starfsfólki að jafnrétti skuli ríkja, hvort sem er jafnrétti kynja, jafnrétti einstaklinga eftir trú, kynhneigð, stétt, aldri, kynþætti og litarhætti eða jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra. Umburðarlyndi og víðsýni eru gildi skólans og lögð áhersla á að nemendur og starfsmenn virði þau.

Áhersla er lögð á jafnrétti í öllu starfi skólans og jafnrétti endurspeglast í starfsháttum skólans, samskiptum og öllum skólabrag.

Jafnréttisstefna skólans felur í sér að hafa alltaf, í öllu starf, jafnrétti í heiðri. Brýnt er fyrir nemendum og starfsfólki að jafnrétti skuli ríkja, hvort sem er jafnrétti kynja, jafnrétti einstaklinga eftir trú, kynhneigð, stétt, aldri, kynþætti og litarhætti eða jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra. Umburðarlyndi og víðsýni eru meðal gilda skólans og grannt er fylgst með því að nemendur og starfsmenn virði þau.

Nemendur skólans eru á breiðu aldursbili, með ólíkan bakgrunn og af ýmsu þjóðerni. Stuðlað er að opnum samskiptum innan skólans til að auka víðsýni og umburðarlyndi, m.a. með sameiginlegum sýningum nemenda á mismunandi námsbrautum, heimsóknum gestafyrirlesara, vettvangsferðum á söfn og sýningar og öðru samstarfi nemenda skólans jafnt innan kennslutíma sem utan.

Í verklegu námi er gætt að samþættingu kynjasjónarmiða í kennslu og stuðlað að sjálfsvirðingu og sjálfstæði beggja kynja. Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og kennsluefni til að mæta ólíkum þörfum og áhuga nemenda og þess er gætt að vitna í heimildir sérfræðinga af báðum kynjum eftir því sem tók eru á.

Í lista- og ljósmyndasögu er þess gætt að nemendur kynnist verkum listamanna af báðum kynjum og sprottnum úr ólíkum menningarheimum.

Nemendur skoða listsköpun og listafólk frá öllum heimshlutum, lesa texta eftir fræðifólk af báðum kynjum með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn. Nemendur eru ætíð hvattir til að horfa gagnrýnum augum á menningarbundin og félagslega ákvörðuð hlutverk kynja og þjóðfélagshópa.

Í náminu er lögð áhersla á að nemendur kynnist sem fjölbreyttustum sjónarmiðum lista- og fræðimanna og fái innsýn í mismunandi samfélög. Er það bæði gert með vali á kennsluefni, kennurum og svo vettvangsferðum og námsferðum.